

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



3. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2016-2017 7. des. 2016 kl. 13:15 – 14:15 í Hafnarskóla

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Erna Gísladóttir

Mættir: Erna Gísladóttir, Aðalbjörg Baldvinsdóttir, Stygerður Jóhannsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Nanna Guðný Karlsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Hildur Þórsdóttir, Bergþóra Ágústsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Guðrún Sturlaugsdóttir og Árdís Halldórsdóttir,

Dagskrá

- 1. Félagsmiðstöð fólksins** – geta unglingarnir okkar komið að því að halda utan um félagsmiðstöð fyrir Hornfirðinga á öllum aldri? Getum við líka virkjað foreldrasamfélagið? Hvernig ýtum við verkefninu úr vör? Óskað eftir tillögum um hvernig við gætum komið upp breiðum hópi fólks til að vinna að því að koma hugmyndinni í framkvæmd. Þórgunnur Torfadóttir segist hafa haft samband við Eyjólf í FAS og honum lítist vel á hugmyndina um að nemendur í skólanum taki þátt ásamt nemendum í tveimur elstu bekkjum grunnskólans. Þórgunnur segir frá hvernig þetta er framkvæmt í öðrum löndum. Vangaveltur um húsnæði fyrir slíka félagsmiðstöð, t.d. skólahúsnæði, Vöruhús, Nýheimar o.fl. Umræða um að húsnæðið þyrfti að vera aðlaðandi. Allir sammála um að það þurfi að hafa áhrif á hugsunarhátt bæjarbúa og reyna að fá fólk til að vera með. Nauðsynlegt að hafa barnapössun á staðnum til að fá fleiri með. Horft til Djúpavogs og þeirrar vinnu sem þar fer fram. Halda mætti Félagastefnumót, þar sem félög myndu kynna sín. Hægt væri að byrja með því að fá fulltrúa frá skólunum, SASS o.fl. til að ræða saman og athuga með styrki í verkefnið. Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Bergþóra Ágústsdóttir, Erna Gísladóttir og Þórgunnur Torfadóttir eru tilbúnar að þróa hugmyndina áfram. Sérstaklega þarf að huga að því hvernig við náum nýbúum í þetta og tengja við íslenskukennsluna. Ákveðið að kanna það hvort hægt sé að koma á einu spilakvöld í Nýheimum fyrir jól og kynna verkefnið.
- 2. Skólapeysur** – nemendur hafa komið með þá hugmynd að gerðar yrðu skólapeysur. Rætt um hvort eigi að vera skólapeysur í Grunnskóla Hornafjarðar og hvernig ætti að vinna að því. Rætt um að það yrði val hvort nemendur fengju sér peysur en leitast yrði við að allir hefðu tök á að eignast skólapeysur sem vildu. Rætt um að hægt væri að hafa þetta sem fjáröflun fyrir einhverja og nota þá Fab-lab til að merkja peysurnar. Skólinn vill að aðrir taka verkefnið að sér en telur ánægjulegt að þessi hugmynd kom frá nemendum. Ákveðið var í samráði við Árdís Halldórsdóttur formann foreldrarfélagsins að koma málinu yfir til foreldrarfélagsins og það myndi taka endanlega ákvörðun um hvort af þessu verður. Ingibjörg Guðmundsdóttir ætlar að skoða úrvalið og Kristín Hermannsdóttir ætlar að kanna hvernig staðið er að

skólapeysumálum í skóla sem hún þekkir til í. Þær senda svo upplýsingarnar á Árdísi Halldórsdóttir formann foreldrafélagsins sem ætlar að bera málið undir stjórnina á næsta fundi hennar.

3. Önnur mál. Engin önnur mál

Fundargerð ritaði Erna Gísladóttir.